

# STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1995

11. apríl 1995

479

Nr. 238

## GJALDSKRÁ

Selfossveitna bs.

### Afnot af heitu vatni.

Allt verð er án virðisaukaskatts. Á það leggst virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

### I. Heitt vatn.

Selfossveitur bs. selja afnot af heitu vatni á veitusvæðum Hitaveitu Eyra og Hitaveitu Selfoss á þann hátt og við því verði sem hér segir:

#### Á veitusvæði Hitaveitu Eyra:

HE.1 Heitt vatn um rennismæli ..... 55,12 kr/m<sup>3</sup>

#### Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss:

HS.1 Heitt vatn um rennismæli ..... 40,85 kr/m<sup>3</sup>

HS.2 Heitt vatn um vatnsskammtara ..... 11.203,50 kr/mín.l./ár

Minnsta magn vatns um vatnsskammtara sé:

Fyrir íbúðar- verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 0,8 mín.l./100 m<sup>3</sup>

Fyrir iðnaðarhúsnæði: 0,5 mín.l./100 m<sup>3</sup>

H.2 Heitt vatn til almenningsundlauga í eigu sveitarfélaga:

Sumar; 01.05 - 30.09: ..... 20,45 kr/m<sup>3</sup>

Vetur; 01.10 - 30.04: ..... 24,51 kr/m<sup>3</sup>

Ef vatnsmælir bilar, er Selfossveitum bs. heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

### II. Fast gjald.

Selfossveitur bs. ákvarða stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina skal innheimta fast gjald, fyrir hvern mæli/vatnsskammtara. Fastagjaldið skal innheimt mánaðarlega ásamt gjaldi fyrir afnot af heita vatninu. Fastagjaldið er eftirfarandi:

#### Á veitusvæði Hitaveitu Eyra

Fyrir mæla allt að 3/4" ..... 6.817,00 kr/ár

Fyrir mæla frá 1" að 2" ..... 13.617,00 kr/ár

#### Á veitusvæði Hitaveitu Selfoss

Fyrir mæla allt að 3/4" ..... 5.365,50 kr/ár

Fyrir mæla frá 1" að 2" ..... 7.542,15 kr/ár

### III. Ýmis ákvæði.

Hitaveitugjöld skv. I. og II. verða krafín mánaðarlega samkvæmt áætlun. Við gerð áætlunar um vatnsnotkun skal stuðst við sannreynda notkun ársins á undan. Á hverju ári skal lesið af mælum og á grundvelli þess álestrar gera upp við sérhvern notanda. Veitustjóri getur heimilað notanda að senda inn eigin álestur á áætlunartímabilinu.

Starfsmönnum Selfossveitna bs. skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við dreifikerfi hitaveitu.

Selfossveitur bs. hafa rétt til að stöðva orkuafhendingu úr veitukerfi að húsveitu, hafi notandi viðkomandi húsveitu vanrækt að greiða orkugjöld samkvæmt reikningi þar um. Fyrirætlun um stöðvun orkuafhendingar ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur samkvæmt taxa þar um.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

### IV. Heimæðargjald.

Heimæðargjöld skal reikna af öllu húsrými (heildarrúmmál bygginga) á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Heimæðargjald, miðað við tiltekið rúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 rúmmetrum (m <sup>3</sup> ) .....	64.448,00 kr.
hver m <sup>3</sup> yfir 400 að 2000 m <sup>3</sup> .....	55,13 kr/m <sup>3</sup>
Fyrir 2000 m <sup>3</sup> .....	151.473,00 kr.
hver m <sup>3</sup> þar yfir .....	45,68 kr/m <sup>3</sup>

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimæðargjaldið skal vera greitt áður en tenging fer fram.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengt við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta. Aukagjaldið er eftirfarandi:

Gjald fyrir aukamæli .....	12.516,00 kr/mæli
----------------------------	-------------------

### V. Önnur gjöld og ákvæði.

Gjald fyrir greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun 450,00 kr.

Gjald fyrir enduropnun húsveitu .....	1.365,00 kr.
Aukaálestur .....	546,00 kr.
Skiptigjald, úr vatnsskammtara í mæli .....	2.047,50 kr.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Selfossveitum bs. er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna reikninga fyrir afnot af vatni eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 59 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1994 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá Selfossveitna bs. Afnot af heitu vatni nr. 389 frá 30. október 1992, ásamt síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 11. apríl 1995.*

F. h. r.  
**Þorkell Helgason.**

*Steinunn Bjarnman.*